# Efnisyfirlit


FÉLAGIÐ Í HNOTSKURN 2005 4
- LYKILTÖLUR 2005 4
- STJÓRN VR STARFSÁRIÐ 2005 – 2006 4

KJARASAMNINGAR 2005 5
- ENDURSKOÐUN KJARASAMNINGA VIÐ SA OG FÍS 5
- AÐRIR KJARASAMNINGAR 5

KJARAMÁL 6
- KJARA- OG INNHEIMTUMÁL 6
- RANNSÓKNIR OG KANNANIR 6
- JAFNRÉTTISMÁL 6

HEILBRIGÐISMÁL 7
- FJÁRVEITINGAR ÚR SJÚKRASJÓÐI 7
- FRAMKVÆMDASTJÓRN SJÚKRASJÓÐS VR STARFSÁRIÐ 2005-2006 8

FRÆÐSLA 8
- NÁMSKEIÐ OG FYRIRLESTRAR 8
- ÖNNUR VERKEFNI 8
- STYRKIR 8
- STJÓRNIR FRÆÐSLUMÁLA 8

ATVINNULEYSISBÆTUR 9
- ÚTHLUTUN ATVINNULEYSISBÓTA 9
- HLUTFALL ATVINNULAUSRA VR FÉLAGA ÁRIN 2000-2005 9
- ÚTHLUTUNARNEFND ATVINNULEYSISBÓTA NR. 2 9

ORLOFSMÁL 10
- NÝTING ORLOFSHÚSA OG VAGNA 2005 10
- ORLOFSÁVÍSANIR 11
- SKAMMTÍMALEIGA 11
- ORLOFSHÚS VERSLUNARMANNAFÉLAGA HAFNARFJARÐAR OG VESTMANNAEYJA 11
- STJÓRN ORLOFSSJÓÐS VR STARFSÁRIÐ 2005-2006 11

FUNDIR 12
- INNLENDIR FUNDIR 12
- ERLEND SAMSKIPTI 12

ALMENNAR UPPLÝSINGAR 13
- ÞJÓNUSTUVER 13
- FÉLAGSMÁL 13
- MANNFAGNAÐIR 13
- ÚTGÁFU- OG KYNNINGARMÁL 14
- AÐILD AÐ STOFNUNUM 14
- FÉLAGATAL 14
- FÉLAGSGJÖLD 14
- SKIPULAG SKRIFSTOFU 14
- STARFSMENN 15
- KJÖRIN STJÓRN OG TRÚNAÐARRÁÐ ÁRIÐ 2005 16
- TRÚNAÐARMENN Á VINNUSTÖÐUM 16

ÁRSREIKNINGUR 2005 17
- ÁRITANIR 17
- REKSTRARREIKNINGUR 18
- EFNAHAGSREIKNINGUR 20
- SJÓÐSTREYMI 22
- SKÝRINGAR 23

# Félagið í hnotskurn

| Almenn starfsemi og þjónusta | Fjöldi félagsmanna | |
|---|---|---|
| | **2005** | **2004** |
| Atvinnuleysisbætur | 1.969 | 2.623 |
| Kjaramál til meðferðar fyrir félagsmenn | 687 | 838 |
| Starfsmennta- og tómstundastyrkir | 3.355 | 2.762 |
| Fjöldi bóta- og styrkþega úr Sjúkrasjóði | 10.174 | 9.529 |
| Orlofshús og tjaldvagnar | 2.829 | 2.773 |
| Orlofsávísanir (nýttar í annað en orlofshús VR) | 4.613 | 4.355 |
| Morgunverðarfundir | 599 | 490 |
| **Samtals** | **24.226** | **23.370** |




## Lykiltölur 2005

| | |
|---|---|
| Félagsgjöld | 592.340.165 |
| Sjúkrasjóðsiðgjöld | 595.295.324 |
| Orlofssjóðsiðgjöld | 143.861.168 |
| Aðrar tekjur | 90.205.705 |
| Samtals tekjur | 1.421.702.362 |
| | |
| Bætur og styrkir | 428.643.255 |
| Rekstrargjöld | 687.913.837 |
| Samtals gjöld, bætur og styrkir | 1.116.557.092 |
| | |
| Fjármagnsliðir | 475.151.475 |
| | |
| **Hreinar tekjur til ráðstöfunar** | **780.296.745** |

## Stjórn VR starfsárið 2005 – 2006

Gunnar Páll Pálsson, formaður
Stefanía Magnúsdóttir, varaformaður
Jóhanna E. Vilhelmsdóttir, ritari

Benedikt Vilhjálmsson, Bjarndís Lárusdóttir, Einar Karl Birgisson, Eyrún Ingvaldsdóttir, Gunnar Böðvarsson, Lykke Bjerre Larsen, Margrét Sverrisdóttir, Margrét Torfadóttir, Rannveig Sigurðardóttir, Sigurður Sigfússon, Steinar J. Kristjánsson og Valur M. Valtýsson.

**Varamenn:** Elín Ólafsdóttir, Jón Magnússon og Þorlákur Jóhannsson.

## Endurskoðun kjarasamninga við SA og FÍS

Á haustmánuðum 2005 var ljóst að forsendur kjarasamninga á almennum markaði væru brostnar og stefndi í uppsögn þeirra. Um miðjan nóvember náðust hins vegar samningar milli verkalýðshreyfingarinnar og atvinnurekenda sem fólu einnig í sér aðkomu stjórnavalda.

### Helstu atriði samkomulagsins við Samtök atvinnulífsins eru sem hér segir:

a) Eingreiðsla í desember 2005, kr. 26 þúsund, til starfsmanna sem höfðu verið í fullu starfi allt árið í sama fyrirtæki. Starfsfólk í hlutastarfi sem uppfyllti sömu skilyrði átti að fá greitt hlutfallslega, að lágmarki kr. 4.500 m.v. fullt starf.

b) Laun hækki um 0,65% umfram umsamdar launahækkanir þann 1. janúar 2007.

c) Tekjutenging atvinnuleysisbóta, þ.e. 70% launa í þrjá mánuði en að hámarki 180 þúsund krónur á mánuði.

### Helstu atriði samkomulagsins við FÍS eru sem hér segir:

a) Eingreiðsla í desember 2005, kr. 26 þúsund, til starfsmanna sem höfðu verið í fullu starfi allt árið í sama fyrirtæki. Starfsfólk í hlutastarfi sem uppfyllti sömu skilyrði átti að fá greitt hlutfallslega, að lágmarki kr. 4.500 m.v. fullt starf.

b) Vinnuveitendur gangi frá eftirfarandi launabreytingum í samkomulagi við starfsmenn sína eigi síðar en 1. júlí 2006:

Starfsmenn sem hófu störf hjá núverandi vinnuveitanda fyrir 1. janúar 2005 og hafa ekki fengið sem svarar til 5,6% launahækkunar að lágmarki á tímabilinu frá 1. nóvember 2004 til 30. júní 2006 fái þá hækkun launa eða þann mismun sem upp á vantar.

Starfsmenn sem hófu störf hjá núverandi vinnuveitanda eftir 1. janúar 2005 og hafa ekki fengið sem svarar til 2,5% launahækkunar að lágmarki á tímabilinu frá 1. janúar 2005 til 30. júní 2006 fái þá hækkun launa eða þann mismun sem upp á vantar.

Aðkoma ríkisvaldsins felur í sér að dregið verði úr vaxandi örorkubyrði lífeyrissjóða, lögfestar verði breytingar á atvinnuleysisbótum, lagt fjármagn í starfsmenntamál ófaglærðra og lagt fram frumvarp til laga um starfsmannaleigur.

## Aðrir kjarasamningar

Á árinu voru kjarasamningar við Sementsverksmiðjuna, Norðurál og Íslenska járnblendifélagið undirritaðir.

## Kjara- og innheimtumál

Árið 2005 einkenndist af miklum hreyfanleika á vinnumarkaði og voru ráðgjöf og túlkun kjarasamninga vegna mála sem tengdust uppsögnum og ráðningum fyrirferðamest starfseminnar á kjarasviði.

Gjaldþrotum fækkaði talsvert á milli ára sem aftur hafði í för með sér minni vinnu vegna kröfulýsinga í þrotabú en fyrri ár, sem vænt-anlega verður að teljast merki um betri greiðslustöðu vinnuveitenda. Innheimta launakrafna jókst talsvert á tímabilinu frá 1998 til 2003 en minnkaði verulega árið 2004. Sú þróun hélt áfram á síðasta ári, innheimtumálum fækkaði úr tæplega 850 árið 2004 í 687 árið 2005. Af þessum málum kom til frekari innheimtu 42 hjá lögfræðingi félagsins og er það nokkur fækkun. Staðan í þessum mála-flokki er með allra besta móti um þessar mundir, mál í vinnslu á vegum félagsins í lok árs 2005 voru 74, þar af voru 56 mál frá árinu 2005, 12 mál frá árinu 2004, 2 mál frá árinu 2003, 1 mál frá árinu 2002, 2 mál frá árinu 2001 og 1 mál frá árinu 1999.

Nýr málaflokkur kom til kasta kjarasviðs á árinu en það eru mál sem snúa að starfsmannaleigum hér heima og erlendis, en misbrest-ur er á því að starfsmenn starfsmannaleiga njóti lágmarkskjara á íslenskum vinnumarkaði. Sátt hefur löngum ríkt um það kerfi sem er við lýði á vinnumarkaði hér á landi en nú virðist hrikta í stoðum þess og er það miður.

### Dómsmál

Á árinu 2005 voru nokkur mál rekin fyrir dómstólum sem endranær. Ber þar fyrst að nefna tvö mál um aðilaskipti sem báðum var vís-að til Hæstaréttar. Annað málið vannst í héraðsdómi en var áfrýjað af vinnuveitanda til Hæstaréttar þar sem niðurstaða héraðsdóms var staðfest. Hitt málið tapaðist í héraðsdómi og vísaði VR því til Hæstaréttar sem úrskurðaði félaginu í hag í upphafi árs 2006.

Þá má nefna mál sem sneri að sönnunarbyrði á munnlegri uppsögn en það fór fyrir héraðsdóm. Ágreiningur var einnig um fram-kvæmd uppsagnarinnar. Niðurstaða málsins var sú að vinnuveitandi var dæmdur til greiðslu bóta í uppsagnarfresti.

## Rannsóknir og kannanir

### Fyrirtæki ársins 2005

Fyrirtæki ársins 2005 voru kynnt í móttöku á Nordica hótel í maí 2005. Í flokki stærri fyrirtækja sigraði Hönnun hf. en Tandur hf. í hópi smærri fyrirtækja. Tuttugu efstu fyrirtækin í hvorum flokki fengu nafnbótina Fyrirmyndarfyrirtæki 2005. Þátttaka í könnuninni hefur nær tvöfaldast frá árinu 2003.

### Launakönnun 2005

Heildarlaun félagsmanna VR hækkuðu um 10% á milli áranna 2004 og 2005, samkvæmt niðurstöðum launakönnunar félagsins fyrir árið 2005. Ekki var marktæk breyting á launamun kynjanna á milli ára.

## Jafnréttismál

Árið 2005 var helgað baráttunni fyrir jafnrétti og bar hæst stóra auglýsingaherferð undir yfirskriftinni **Ekki láta útlitið blekkja þig** en henni var hleypt af stokkunum á haustmánuðum. Herferðin vakti mikla athygli og umræður í þjóðfélaginu og fékk tvær viðurkenningar þegar íslensku auglýsingarverðlaunin voru afhent í febrúar sl. Ástæða þess að VR helgaði árið jafnréttismálum er sú að launakannanir undanfarinna ára hafa sýnt óyggjandi að launamunur kynjanna hefur staðið í stað þrátt fyrir mikla umræðu og gott ástand á vinnumarkaði og einnig að árið 2005 voru 30 ár liðin frá kvennafrídeginum.

## Fjárveitingar úr Sjúkrasjóði

Varðandi tekjur árið 2005 vísast til reikninga aftast í ársskýrslunni. Greiddar bætur sundurliðast þannig:

| **a) Sjúkra- og dagpeningar** | **Fjöldi** | **Upphæð kr.** |
|---|---|---|
| Dagpeningar vegna veikinda | 523 | 257.096.215 |
| Dagpeningar vegna áfengisvanda | 24 | 5.321.222 |
| Dagpeningar vegna veikinda barna | 38 | 10.858.200 |
| Dagpeningar vegna maka | 3 | 853.586 |
| **Sjúkra- og slysadagpeningar samtals** | **588** | **274.129.223** |

(2004, samtals fjöldi 630, kr. 288.667.500)

| **b) Dánarbætur** | **Fjöldi** | **Upphæð kr.** |
|---|---|---|
| Dánarbætur félagsmanna undir 70 ára | 16 | 9.710.000 |
| Dánarbætur félagsmanna eldri en 70 ára | 28 | 8.120.000 |
| **Dánarbætur samtals** | **44** | **17.830.000** |

(2004, fjöldi bótaþega 55, kr. 21.950.000)

| **c) Slysabætur** | **Fjöldi** | **Upphæð kr.** |
|---|---|---|
| Örorkubætur | 3 | 10.687.960 |
| Slysabætur samtals | 3 | 10.687.960 |

(2004, fjöldi bótaþega 5, kr. 5.789.814)

| | **Fjöldi** | **Upphæð kr.** |
|---|---|---|
| **Bætur samtals** | **635** | **302.647.183** |

(2004, fjöldi bótaþega 690, kr. 316.407.314)

| **Styrkir til sjóðfélaga** | **Fjöldi** | **Upphæð kr.** |
|---|---|---|
| Heilsuræktarnámskeið | 4.670 | 64.442.016 |
| Sjúkraþjálfun | 1.062 | 11.783.857 |
| Sálfræðikostnaður | 77 | 770.539 |
| Tannlæknakostnaður | 619 | 9.703.519 |
| Krabbameinsskoðun | 811 | 1.057.849 |
| Gleraugu | 1.532 | 25.108.125 |
| Hjarta- og lungnastöðin og Hjartavernd | 131 | 734.750 |
| Heilsustofnun NLFÍ í Hveragerði | 33 | 699.891 |
| Glasafrjóvgun | 87 | 6.820.863 |
| Hjálpar- og heyrnartæki | 89 | 827.568 |
| Líf-, sjúkdóma- og slysatrygging | 427 | 4.061.595 |
| Aðrir styrkir | 1 | 30.500 |
| **Styrkir til sjóðfélaga samtals** | **9.539** | **126.041.072** |

(2004, fjöldi styrkþega 8.839,. kr. 105.424.446

| | **Fjöldi** | **Upphæð kr.** |
|---|---|---|
| **Bætur og styrkir til félagsmanna 2005 samtals** | **10.174** | **428.688.255** |

(2004, fjöldi bóta- og styrkþega 9.529, kr. 421.831.760)

| **Að auki styrkir til stofnana og félagasamtaka 2005** | **Upphæð kr.** |
|---|---|
| **Styrkir til stofnana og félagasamtaka 2005 samtals** | **1.446.218** |

(2004, kr. 5.212.288)

## Framkvæmdastjórn Sjúkrasjóðs VR starfsárið 2005-2006

Stefanía Magnúsdóttir formaður

Einar Karl Birgisson, Jóhanna Vilhelmsdóttir, Lykke Bjerre Larsen og Rannveig Sigurðardóttir

**Varmenn:** Eyrún Ingvaldsdóttir og Jón Magnússon

# Fræðsla

## Námskeið og fyrirlestrar

VR bauð félagsmönnum sínum á hádegisfyrirlestra á árinu, fjórða árið í röð, og þekktust 176 félagsmenn boðið. Fjöldi fyrirlestra var í boði, m.a.:

| | |
|---|---|
| Hvenær kemur minn tími? | Að koma fram |
| Hvers vegna fá Zebrahestar ekki magasár? | Að hafa áhrif á aðra |

Haldin voru 13 námskeið fyrir trúnaðarmenn og tveir hádegisverðarfundir með þeim.

## Önnur verkefni

Lokaverkefnastyrk VR fyrir árið 2005 hlaut Bryndís Ernstsdóttir fyrir rannsóknarverkefni á meistarastigi við félagsvísindadeild Háskóla Íslands. Verkefni hennar miðar að því að hanna mælitæki til að meta yfirfærslu vinnutengds náms.

VR tekur nú þátt í verkefni sem miðar að því að skapa skilvirkt, rafrænt viðskiptaumhverfi, n.k. tilraunasamfélag sem þjónar sem viðskiptalíkan fyrir önnur Evrópulönd. Markmið VR með þátttöku í þessu verkefni er að bæta samkeppnisaðstöðu félagsmanna og gera þá hæfari í nútímasamfélagi.

## Styrkir

Á árinu 2005 voru greiddar alls 104,2 milljónir króna í starfsmenntastyrki til félagsmanna úr starfsmenntasjóðum en árið 2004 voru greiddar alls 75,3 milljónir. Árið 2005 bárust alls 4.962 umsóknir frá 3.355 einstaklingum sem sóttu nám hjá 338 skólum, stofnunum eða einstaklingum.

## Stjórnir fræðslumála

### Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunar- og skrifstofufólks

Stefanía Magnúsdóttir formaður (VR)
Sigurður Jónsson varaformaður (SA)
Ingibjörg R. Guðmundsdóttir (VR), Anna Rós Ívarsdóttir (SA), Guðrún Erlingsdóttir (LÍV) og Anna Margrét Jónsdóttir (SA)

### Stjórn Starfsmenntasjóðs verslunarinnar

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir formaður (LÍV)
Stefán S. Guðjónsson varaformaður (FÍS)
Stefanía Magnúsdóttir (VR) og Halldór Páll Gíslason (FÍS)

## Úthlutun atvinnuleysisbóta

Skrifstofa VR annast úthlutun og greiðslu atvinnuleysisbóta fyrir Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta nr. 2 fyrir höfuðborgarsvæðið. Nefndin heldur fundi hálfsmánaðarlega og fer yfir allar nýjar umsóknir og úrskurðar um gildi þeirra. Um er að ræða umsóknir frá félagsmönnum VR og 72 annarra félaga og samtaka. Öll vinna sem lýtur að útreikningum og bótarétti umsækjenda ásamt útborgun atvinnuleysisbóta er unnin á skrifstofu VR.

| **Fjöldi sem fékk greiddar bætur - öll félög** | **2005** | **2004** |
|---|---:|---:|
| Konur | 1.875 | 2.337 |
| Karlar | 1.085 | 1.681 |
| Samtals | 2.960 | 4.018 |

| **Fjöldi félagsmanna VR sem fékk greiddar bætur** | **2005** | **2004** |
|---|---:|---:|
| Konur | 1.355 | 1.715 |
| Karlar | 614 | 908 |
| Samtals | 1.969 | 2.623 |

| **Bótagreiðslur** | **2005** | **2004** |
|---|---:|---:|
| Greiddar bætur, öll félög | 1.071.371.754 | 1.563.840.521 |
| Greiddar bætur til VR félaga | 703.260.927 | 1.018.963.920 |

Hámarksbætur fyrir einstakling frá 1. janúar 2006 eru kr. 4.324 fyrir hvern virkan dag atvinnuleysis eða um það bil kr. 93.701 á mánuði að meðaltali.

## Hlutfall atvinnulausra VR félaga árin 2000 – 2005

Hér má sjá yfirlit yfir atvinnuleysi félagsmanna að meðaltali á árunum 2000 til 2005.




## Úthlutunarnefnd atvinnuleysisbóta nr. 2

Margrét Tómasdóttir formaður
Árni Leósson (ASÍ) varaformaður
Birna S. Karlsdóttir (BSRB), Jakobína Jónsdóttir (SA) og Kristín Jónsdóttir (SA)

Á árinu 2005 var 41 orlofshús og -íbúð í eigu VR. Félagið tók á leigu 30 tjaldvagna, 10 orlofshús á Íslandi, 20 íbúðir á Calpe á Spáni, 10 íbúðir á Krít og 10 íbúðir á Mallorca og endurleigði til félagsmanna yfir sumarmánuðina. Íbúðirnar erlendis voru á vegum Sumarferða, Úrvals-Útsýnar og Heimsferða. Nýting orlofshúsa á Íslandi yfir vetrarmánuðina hefur verið mjög góð í húsum með heitum pottum auk íbúðanna á Akureyri. Útleigur ársins 2005 voru alls 2.829 talsins.

Á árinu 2005 voru húsin á Kirkjubæjarklaustri (2), Stóra-Kambi (2) og í Skyggnisskógi (1) seld. VR tók á leigu tvær íbúðir við Laugarvatn, raðhús í Stykkishólmi og eitt hús í orlofshúsabyggðinni Minni-Borg í Grímsnesi. Þá var húsnæði VR að Smiðshöfða selt og minni aðstaða við Hamarshöfða tekin á leigu.

## Nýting orlofshúsa og vagna 2005

Innan sviga er tilgreindur fjöldi húsa/íbúða á hverjum stað. Að sumri til eru gistnætur 105 en yfir veturinn eru þær 259.

| | Fjöldi gistinátta | Nýting – sumar* | Nýting – vetur** |
|---|---|---|---|
| Akureyri (5) | 1.084 | 85% | 48% |
| Einarsstaðir (2)*** | 210 | 73% | - |
| Flúðir (3) | 588 | 96% | 36% |
| Húsafell (3) | 610 | 99% | 23% |
| Kirkjubæjarklaustur (2) | 227 | 74% | 13% |
| Miðhúsaskógur (20) | 3.308 | 83% | 30% |
| Skyggnisskógur (1) | 131 | 90% | 23% |
| Stóri-Kambur (2) | 243 | 77% | 24% |
| Stykkishólmur (1) | 184 | 93% | 33% |
| Ölfusborgir (1)*** | 121 | 90% | - |

**Félagið tók á leigu eftirtalin hús og tjaldvagna sumarið 2005 og endurleigði til félagsmanna. Sum húsin voru leigð hluta af sumri en önnur eru enn í útleigu.**

| | Fjöldi gistinátta | Nýting – sumar | Nýting – vetur |
|---|---|---|---|
| Aðaldalur (1) | 84 | 100% | - |
| Einarsstaðir (2) | 168 | 100% | - |
| Hrísey (1) | 77 | 100% | - |
| Laugarvatn (2) | 74 | - | 5% |
| Stykkishólmur, raðhús (2) | 184 | - | 36% |
| Súðavík (1) | 70 | 92% | - |
| Vaðnes í Grímsnesi (2) | 369 | 74% | 40% |
| Varmahlíð (2) | 323 | 88% | 26% |
| Vestmannaeyjar (1) | 91 | 92% | - |
| Tjaldvagnar (30) | 1.425 | 92% | - |
| Calpe (20) | 1.217 | 72% | - |
| Krít (10) | 518 | 61% | - |
| Mallorca (10) | 420 | 50% | - |
| **Samtals gistinætur** | **11.726** | | |

* Á Akureyri, Einarsstöðum, Kirkjubæjarklaustri, í Miðhúsaskógi og Vaðnesi eru stök hús í skammtímaleigu að sumri til og er nýtingarhlutfall á þeim stöðum því oft lægra en ella.

** Að vetri til er nýting á flestum orlofshúsum VR um 100% um helgar en minni virka daga.

*** Hús í Ölfusborgum og á Einarsstöðum eru leigð út á vegum rekstrarfélaganna yfir veturinn.

## Orlofsávísanir

Orlofsávísanir að upphæð kr. 5.000 og kr. 7.500 voru sendar til félagsmanna í janúar 2005. Alls nýtti 6.171 félagsmaður sér ávísanirnar, þar af notuðu 1.558 hana til greiðslu orlofshúsa eða tjaldvagna hjá félaginu. Samningar voru gerðir við 23 ferðaþjónustuaðila.

## Skammtímaleiga

Sumarið 2005 voru 12 hús og íbúðir í skammtímaleigu (1-4 dagar). Var viðhöfð reglan fyrstur kemur fyrstur fær, óháð punktastöðu félagsmanns.

## Orlofshús verslunarmannafélaga Hafnarfjarðar og Vestmannaeyja

VR tók við rekstri orlofshúsa verslunarmannafélaga Hafnarfjarðar og Vestmannaeyja frá og með 1. janúar 2006. Húsin koma til útleigu vor og sumar 2006.

## Stjórn orlofssjóðs VR starfsárið 2005-2006

Benedikt Vilhjálmsson formaður

Bjarndís Lárusdóttir, Gunnar Böðvarsson, Margrét Torfadóttir, Sigurður Sigfússon, Steinar J. Kristjánsson og Valur M. Valtýsson

**Varamenn:** Einar Karl Birgisson og Margrét Sverrisdóttir

# Fundir

## Innlendir fundir

**Stjórn VR** fundaði 13 sinnum á árinu 2005 og 2 fundir voru haldnir í **trúnaðarráði.**

Á **nýársfundi trúnaðarráðs og trúnaðarmanna** árið 2006, sem haldinn var 23. janúar, var framboðslisti stjórnar og trúnaðarráðs kynntur, fjallað var um varasjóð VR, hugmyndasamkeppni um nýtt nafn fyrir VR sem hleypt var af stokkunum undir lok árs 2005 og starfið framundan á árinu 2006.

**Uppstillingarnefnd** fundaði 5 sinnum fyrir nýársfundinn 2006. Auglýst var eftir félagsmönnum sem höfðu áhuga á að starfa með félaginu og svöruðu 13 auglýsingunni.

**Ráðgjafarnefnd félagsmanna** starfaði áfram árið 2005. Félagsmönnum er boðið til morgunverðarfundar þar sem starfsemi félagsins er rædd en markmiðið er að skapa félagsmönnum vettvang til að koma skoðunum sínum á framfæri. Alls mættu 599 félagsmenn á morgunverðarfundi á árinu.

**Úrskurðarnefnd VR** hélt 43 fundi á árinu 2005. Nefndin úrskurðaði um fjórar kærur félagsmanna og að auki eitt mál sem kom á borð nefndarinnar eftir reglubundið eftirlit. Verkefni nefndarinnar eru að taka fyrir formlegar kærur frá félagsmönnum, vera ráðgefandi fyrir umsjónarmenn málaflokka og gegna eftirlitsstarfi.

**Ársfund Alþýðusambands Íslands** í október 2005 sátu 74 fulltrúar VR. Umfjöllunarefnið var Lífið í vinnunni: staða og starfshættir verkalýðshreyfingarinnar og mótun markvissrar jafnréttisáætlunar.

**Þing Landssambands íslenzkra verzlunarmanna**, LÍV, í nóvember sátu 42 fulltrúar VR. Aðalmálefni þingsins voru kjara- og efnahagsmál svo og skipulag og starfshættir LÍV.

## Erlend samskipti

Fulltrúar VR sóttu eftirfarandi ráðstefnur og/eða fundi vegna erlends samstarfs á árinu 2005:

Ráðstefnu fyrir vefstjóra og blaðamenn stéttarfélaga sem haldin var á vegum UNI, Union Network International, alþjóðasambands stéttarfélaga í verslun og þjónustu, í Bandaríkjunum í maí.

Höfuðborgarráðstefnuna sem var haldin í Danmörku í júní. Umfjöllunarefnið var staða efnahagsmála og stjórnmála, þróun félagsmannafjölda og starfsemi félaganna. Auk þess var farið yfir stöðu kaupfélaganna í hverju landi.

Ráðstefnu á vegum Nordisk Handel, samráðsvettvangs landssambanda verslunarmannafélaga á Norðurlöndum, um öryggismál starfsmanna í verslunum vegna rána, hótana og ofbeldis gagnvart verslunarfólki. Ráðstefnan var haldin í Svíþjóð í júní.

Fund nefndar UNI IBITS Norden þar sem fjallað var um öflun nýrra félagsmanna. Fundurinn var haldinn í Reykjavík í júní. UNI IBITS Norden eru samtök starfsmanna í iðnaðar-, viðskipta-, upplýsinga- og tækniþjónustu.

Heimsþing UNI sem var haldið í Bandaríkjunum í ágúst ásamt ráðstefnu á vegum UNI Commerce og kvennaráðstefnu. Mótuð var framtíðarsýn samtakanna og rætt var um mannsæmandi vinnu, skipulagningu alþjóðasamtaka og fjölþjóðafyrirtæki svo fátt eitt sé nefnt.

Upplýsinga- og kynningarfund með fulltrúum USDAW, systurfélagi VR í Bretlandi í ágúst, um áherslur og starfshætti stéttarfélaga.

Ráðstefnu um fyrirkomulag vinnutíma og ráðninga á vegum Nordisk Handel sem haldin var í Noregi í september.

## Þjónustuver

Fulltrúar þjónustuvers svara fyrirspurnum um alla helstu þjónustu félagsins, s.s. starfsmenntasjóðina, atvinnuleysisbætur, sjúkrasjóð, orlofshús og kjaramál. Flestar fyrirspurnir á síðasta ári sneru að sjúkrasjóðsmálum. Heildarfjöldi símtala til VR árið 2005 var 70.783 eða rétt tæplega 5.900 á mánuði að meðaltali. Álagið er mest í kringum mánaðamót. Um 70% af fyrirspurnum í síma til félagsins er svarað í þjónustuveri. Þjónustuver VR er nú starfrækt á Akranesi, í Hafnarfirði, Reykjavík og Vestmannaeyjum. Stöðugildi í árslok 2005 voru 9.

## Félagsmál

### Varasjóður VR

Tillaga stjórnar um að stefnt skuli að stofnun persónubundins varasjóðs fyrir félagsmenn, Varasjóð VR, var samþykkt á aðalfundi 14. mars 2005. Skattayfirvöld gerðu athugasemdir við útfærslu sjóðsins og verður tillagan, að teknu tilliti til þessara athugasemda, lögð að nýju fyrir aðalfund í apríl 2006.

### Nánara samstarf við Verslunarmannafélag Vestmannaeyja

Í nóvember var undirritaður samningur milli VR og Verslunarmannafélags Vestmannaeyja, VFV, um viðamikið samstarf félaganna og sameiningu eftir tveggja ára reynslutíma. Samningurinn var samþykktur með öllum greiddum atkvæðum á félagsfundi VFV 1. nóvember 2005.

### Nánara samstarf við Verslunarmannafélag Hafnarfjarðar

Í nóvember var einnig undirritaður samningur milli VR og Verslunarmannafélags Hafnarfjarðar, VH, um nánara samstarf og fulla sameiningu eftir eins árs reynslutíma. Félagsmenn í VH greiddu atkvæði um samkomulagið og var það samþykkt með 93% greiddra atkvæða.

### Nýtt nafn á VR

Hugmyndasamkeppni um nýtt nafn fyrir VR var hleypt af stokkunum undir lok árs 2005. Alls voru sendar inn rúmlega 900 hugmyndir. Niðurstaða dómnefndar var VR sem standi fyrir virðingu og réttlæti. Verður sú tillaga lögð fyrir aðalfund í apríl 2006.

### Matargjafir til Samhjálpar

Stjórn VR ákvað á árinu að halda áfram matargjöfum til Samhjálpar en félagið hefur í tæp tvö ár gefið skjólstæðingum Samhjálpar máltíð einu sinni í mánuði.

## Mannfagnaðir

**1. maí** var haldinn hátíðlegur á hefðbundinn hátt með kröfugöngu og útifundi. Um 1.200 félagsmenn og aðrir gestir þáðu kaffi og meðlæti í boði VR að fundi loknum.

Um 560 eldri félagar sóttu árlegt kaffisamsæti VR á **uppstigningardegi**.

Á áttunda þúsund gestir sóttu fjölskylduhátíð VR í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum þann 1. ágúst, á **frídegi verslunarmanna**.

**Opna VR mótið í golfi** var haldið í fimmta sinn um verslunarmannahelgina. Aldrei hafa fleiri tekið þátt í mótinu sem var stærsta opna golfmót sumarsins eða 184 þátttakendur.

VR tók á móti tveimur hópum háskólanema í **kynnisferðir** á árinu.

# Almennar upplýsingar

## Útgáfu- og kynningarmál

VR blaðið kom út 6 sinnum á árinu og að meðaltali í 19.500 eintökum. Gestir á heimasíðu VR, www.vr.is, voru að meðaltali tæplega 11 þúsund á mánuði árið 2005.

Ítarlegur bæklingur með niðurstöðum úr launakönnun ársins kom út í september. Að venju var póstkortum um réttindi verslunarfólks dreift í verslanir fyrir jólin og gefin var út vasabók með texta um réttindi félagsmanna VR.

## Aðild að stofnunum

Verzlunarmannafélag Reykjavíkur á beina aðild eftirtöldum stofnunum:

Alþýðusamband Íslands
Eir, hjúkrunar- og umönnunarheimili
Fjölmiðlasambandið
Janus endurhæfing
Landssamband íslenskra verzlunarmanna
Lífeyrissjóður verzlunarmanna
Verzlunarskóli Íslands

## Félagatal

Hér má sjá yfirlit yfir fjölda félagsmanna að meðaltali á árunum 1996 til 2005.*

| Ár | Konur | Karlar | Samtals |
|---|---|---|---|
| 1996 | 9020 | 5061 | 14081 |
| 1997 | 9540 | 5441 | 14981 |
| 1998 | 10361 | 6023 | 16384 |
| 1999 | 11286 | 6602 | 17888 |
| 2000 | 12026 | 7183 | 19209 |
| 2001 | 12601 | 7470 | 20071 |
| 2002 | 12747 | 7605 | 20352 |
| 2003 | 12964 | 8023 | 20987 |
| 2004 | 13511 | 8695 | 22206 |
| 2005 | 13871 | 9351 | 23222 |

* Upplýsingar um fjölda félagsmanna eru birtar á annan hátt en verið hefur undanfarin ár.

## Félagsgjöld

Félagsgjald til VR er 1% af launum. Lágmarksgjald til að öðlast félagsréttindi á árinu 2005 var kr. 7.299.

## Skipulag skrifstofu

Rekstur skrifstofu VR skiptist í fimm svið; kjarasvið, rekstrar- og fjármálasvið, samskipta- og þróunarsvið, upplýsingatæknisvið og þjónustusvið. Starfsemin fer nú fram á fjórum stöðum, í Reykjavík, á Akranesi, í Vestmannaeyjum og Hafnarfirði. Formaður ber ábyrgð á rekstri félagsins ásamt stjórn þess.

## Starfsmenn

Í febrúar 2006 störfuðu 47 starfsmenn hjá félaginu í 43,15 stöðugildum sem skiptust þannig að 34 störfuðu í Reykjavík, 6 á Akranesi, 2 í Hafnarfirði, 2 í Vestmannaeyjum og 3 við umsjón orlofshúsa. Ennfremur voru 3 sumarstarfsmenn við störf sl. sumar við umsjón orlofshúsa í Miðhúsaskógi og í þjónustuveri. Meðalstarfsaldur starfsmanna VR er 6,4 ár, meðalaldur þeirra er 45 ár og 40% þeirra eru háskólamenntaðir.

Á árinu létu af störfum Harpa L. Gunnarsdóttir, Alda Sigurðardóttir, Guðrún Þ. Hlöðversdóttir, Snorri Kristjánsson og Hafsteinn J. Hannesson sem hurfu til annarra starfa en Grétar J. Hannesson, sem starfað hefur hjá félaginu sl. 19 ár, lét af störfum vegna aldurs.

Þá réðust til félagsins Kristín Waage og Sigríður E. Ásgeirsdóttir á þjónstusvið, María V. Jónsdóttir og Teitur Lárusson á kjarasvið og Magnea Davíðsdóttir á rekstrar- og fjármálasvið. Guðrún Erlingsdóttir og Ásta S. Gunnarsdóttir bættust í hópinn frá Vestmannaeyjum á grundvelli samstarfssamnings VR og Verslunarmannafélags Vestmannaeyja og Unnur Helgadóttir og Gunnbjörn Svanbjörnsson frá Hafnarfirði á grundvelli samstarfssamnings VR og Verslunarmannafélags Hafnarfjarðar.

### Fastráðnir starfsmenn á skrifstofu eru (miðað við 1. febrúar 2006)

Gunnar Páll Pálsson — Formaður
Stefanía Magnúsdóttir — Varaformaður

### Kjarasvið

| | |
|---|---|
| Elías G. Magnússon | Forstöðumaður |
| Anna J. Sævarsdóttir | Kjaramál |
| María V. Jónsdóttir | Kjaramál |
| Reynir Jósepsson | Kjaramál |
| Teitur Lárusson | Kjaramál |

### Rekstrar- og fjármálasvið

| | |
|---|---|
| Sigurlaug Hilmarsdóttir | Forstöðumaður |
| Auður Búadóttir | Bókhald |
| Einar M. Nikulásson | Eignahald - umsjón |
| Gunnar Kristinn Hilmarsson | Gæðamál |
| Ingunn Guðmundsdóttir | Mötuneyti |
| Jóhann Hafliðason | Viðhald eigna |
| Magnea Davíðsdóttir | Skjalavarsla |
| Sigrún Viktorsdóttir | Starfsmannahald |

### Samskipta- og þróunarsvið

| | |
|---|---|
| Kristín Sigurðardóttir | Forstöðumaður |
| Anna Björg Siggeirsdóttir | Útgáfa og kynningarmál |
| Elísabet Magnúsdóttir | Bein félagatengsl |
| Laufey Eydal | Bein félagatengsl |
| Steinunn Böðvarsdóttir | Útgáfa og kynningarmál |

### Upplýsingatæknisvið

| | |
|---|---|
| Andrjes Guðmundsson | Forstöðumaður |
| Björn. H. Björnsson | Upplýsingatækni |
| Viktor E. Viktorsson | Upplýsingatækni |

### Þjónustusvið

| | |
|---|---|
| Árni Leósson | Forstöðumaður |
| Dóra Björk Scott | Þjónustuver |
| Guðrún E. Hafsteinsdóttir | Þjónustuver |
| Hansína Gísladóttir | Atvinnuleysisbætur |
| Heiða Björg Tómasdóttir | Þjónustuver |
| Júnía Þorkelsdóttir | Þjónustuver |
| Kristín Waage | Atvinnuleysisbætur |
| Laufey Eydal | Þjónustuver |
| Málfríður Þorkelsdóttir | Þjónustuver |
| Rannveig Rögnvaldsdóttir | Þjónustuver |
| Rósmarý Úlfarsdóttir | Sjúkrasjóður - umsjón |
| Sigríður Elín Ásgeirsdóttir | Atvinnuleysisbætur - umsjón |
| Sigrún Esther Guðmundsdóttir | Þjónustuver |
| Sigrún Svava Gísladóttir | Þjónustuver |
| Þorgrímur Guðmundsson | Þjónustuver |
| Þórunn Jónsdóttir | Orlofsmál - umsjón |

### Hafnarfjörður

Unnur Helgadóttir
Gunnbjörn Svanbjörnsson

### Vestmannaeyjar

Guðrún Erlingsdóttir
Ásta Sigrún Gunnarsdóttir

### LÍV

Ingibjörg R. Guðmundsdóttir
Ástríður S. Valbjörnsdóttir

## Kjörin stjórn og trúnaðarráð árið 2005

Stjórnarmenn eru alls 18, formaður og sjö meðstjórnendur sátu áfram kjörnir árið 2004. Sjá bls. 4.

### Stjórnarmenn

| | |
|---|---|
| Jóhanna E. Vilhelmsdóttir | Útgáfufélagið Heimur hf. |
| Margrét Sverrisdóttir | Nýherji |
| Eyrún Ingvaldsdóttir | Daníel Ólafsson ehf. |
| Gunnar Böðvarsson | |
| Rannveig Sigurðardóttir | Sjóvá-Almennar tryggingar hf. |
| Bjarndís Lárusdóttir | Prentsmiðjan Oddi hf. |
| Valur Magnús Valtýsson | Barki ehf. |

### Varamenn stjórnar

| | |
|---|---|
| Jón Magnússon | Hekla hf. |
| Þorlákur Jóhannsson | Sindra-Stál hf. |
| Elín Ólafsdóttir | Heildverslunin Aggva ehf. |

### Trúnaðarráð, aðalmenn

| | |
|---|---|
| Magnús L. Sveinsson | |
| Guðmundur H. Garðarsson | |
| Grétar Hannesson | VR |
| Reynir Jósepsson | VR |
| Hannes Þ. Sigurðsson | |
| Ingibjörg R. Guðmundsdóttir | LÍV |
| Steinn Gunnarsson | |
| Þorsteinn Bjarnason | Vátryggingafélag Íslands hf. |
| Gunnar Helgi Guðmundsson | Byko hf. |
| Ásmundur I. Þórisson | |
| Pétur Ingimundarsson | Egilsson hf. |
| Marólína Arnheiður Magnúsdóttir | Árbæjarapótek ehf. |
| Árni J. Arnþórsson | Tengi ehf. |
| Ragnar Engilbertsson | Olíuverslun Íslands hf. |
| Ólafur Ólafsson | Hagkaup |
| Alfreð Gústaf Maríusson | Parhótel ehf. |
| Anita Knútsdóttir | Icelandair ehf. |
| Sigurhans Wium Hansson | Nói-Siríus hf. |
| Elsa Unnur Guðmundsdóttir | |
| Jón Hrafn Guðjónsson | Flügger Harpa Sjöfn ehf. |
| Einar Magnús Nikulásson | VR |
| Pétur Ástbjartsson | Málning hf. |
| Guðmundur Pétursson | Saga Film ehf. |
| Árni G. Ferdinandsson | |
| Júlíana Sóley Gunnarsdóttir | |
| Júlíana Pálsdóttir | Sameignarfélag Ölfusborga |
| Ólafur Sigurþór Sveinsson | Sláturfélag Suðurlands svf |
| Alma Ísleifsdóttir | Eimskipafélag Íslands ehf. |
| Valdimar Ingibergur Þórarinsson | Samskip hf. |
| Birna Dís Benediktsdóttir | Lögmannsstofan Fortis ehf. |
| Kristín Gísladóttir | Félagsstofnun stúdenta |
| Guðmundur J. Jónsson | Kreditkort hf. |
| Sæmundur Bjarnason | 365 - ljósvakamiðlar ehf. |
| Guðrún Hrefna Bragadóttir | Bílanaust hf. |
| Valva Árnadóttir | Penninn hf. |
| Kristín Sigurðardóttir | VR |
| Árni Steingrímsson | Cego ehf. |
| Jónína Sóley Ólafsdóttir | Austurbakki hf. |
| Ólafur Ingimarsson | Vátryggingafélag Íslands hf. |
| Sigríður Jónsdóttir | Kollekta ehf. |
| Júnía Þorkelsdóttir | VR |
| Þórunn Steinarsdóttir | Viðskiptaþjónusta Akraness ehf. |
| Ingimundur K. Guðmundsson | Dagsbrún hf. |
| Hafdís Júlía Hannesdóttir | Múrbúðin ehf. |
| Guðmundur Ingi Kristinsson | |
| Þyri Emma Þorsteinsdóttir | IcePharma hf. |
| Eva Hrund Willatzen | Vélfang ehf. |
| Sigurbjörn Grétar Eggertsson | Intrum á Íslandi ehf. |
| Steinunn Rósa Einarsdóttir | Lögmannafélag Íslands |
| Margét Sigurðardóttir | A. Karlsson ehf. |
| Edith Alvarsdóttir | Actavis Group hf. |
| Hildur Mósesdóttir | Bros auglýsingavörur ehf. |
| Jóhanna Sigurbjörg Rúnarsdóttir | Bifreiðar & landbúnaðarvélar hf. |
| Ragna Dagbjört Davíðsdóttir | Modernus ehf. |
| Jóhanna Magnúsdóttir | Íslenska lögregluforlagið ehf. |
| Sesselja Jónsdóttir | Penninn hf. |
| Sigurbjörg Þorláksdóttir | Klif ehf. |

### Varamenn í trúnaðarráði

| | |
|---|---|
| Anna Björg Siggeirsdóttir | VR |
| Elías G. Magnússon | VR |
| Kolbrún Friðriksdóttir | Handlæknastöðin ehf. |
| Margrét Eiríksdóttir | Nói-Siríus hf. |
| Sigríður Hafdís Benediktsdóttir | Edda útgáfa hf. |
| Stella Breiðfjörð Magnúsdóttir | Miklatorg hf. |
| Súsanna Gísladóttir | Jónar Transport hf. |
| Elísabet Magnúsdóttir | VR |
| Svandís Vilmundardóttir | Íslenska járnblendifélagið ehf. |
| Ásgerður Halldórsdóttir | Tryggingamiðstöðin hf. |
| Þorkell Vignir Viðarsson | Friðrik Skúlason ehf. |
| Arngrímur Friðrik Pálmason | Þór hf. |
| Sigurlaug Hilmarsdóttir | VR |
| Guðmunda Ólafsdóttir | Krónos ehf. |
| Þórunn Sigurðardóttir | Edda útgáfa hf. |
| Jón Hálfdán Árnason | Kjaran ehf. |
| Hreinn Ómar Smárason | Knattspyrnusamband Íslands |
| Guðfinna Helgadóttir | Fjárvakur-fjármálaþj. ehf. |
| Sigfús Örn Guðmundsson | Lukkusmárinn ehf. |
| Arnbjörn Ólafsson | Karl K. Karlsson ehf. |
| Ásta Gréta Samúelsdóttir | Eimskipafélag Íslands ehf. |
| Guðmundur Jónsson | S32 ehf. |
| Sæmundur Karl Jóhannesson | Olíufélagið ehf. |
| Gunnlaugur Magnússon | Bílanaust hf. |
| Klara Ósk Bjartmarz | Knattspyrnusamband Íslands |

## Trúnaðarmenn á vinnustöðum

Trúnaðarmenn félagsins voru alls 162 talsins í febrúar 2006 en voru 175 á sama tíma árið 2005. Listi yfir trúnaðarmenn á vinnustöðum er á heimasíðu félagsins, www.vr.is.

# Áritanir

## Áritun stjórnar

Að áliti stjórnar Verzlunarmannafélags Reykjavíkur koma fram í ársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri og fjárhagslegri þróun á árinu.

Stjórn Verzlunarmannafélags Reykjavíkur staðfestir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2005 með undirskrift sinni.

Reykjavík, 15. mars 2006.

| | | |
|---|---|---|
| Gunnar Páll Pálsson | Stefanía Magnúsdóttir | Jóhanna E. Vilhelmsdóttir |
| Benedikt Vilhjálmsson | Bjarndís Lárusdóttir | Einar Karl Birgisson |
| Eyrún Ingvaldsdóttir | Gunnar Böðvarsson | Lykke Bjerre Larsen |
| Margrét Sverrisdóttir | Margrét Torfadóttir | Rannveig Sigurðardóttir |
| Sigurður Sigfússon | Steinar J. Kristjánsson | Valur M.Valtýsson |

**Varamenn:**

| | | |
|---|---|---|
| Elín Ólafsdóttir | Jón Magnússon | Þorlákur Jóhannsson |

## Áritun endurskoðenda

**Til stjórnar Verzlunarmannafélags Reykjavíkur.**

Við höfum endurskoðað ársreikning Verzlunarmannafélags Reykjavíkur fyrir árið 2005. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar fyrir félagssjóð, sjúkrasjóð, orlofssjóð og vinnudeilusjóð. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju á Íslandi, en samkvæmt henni skal skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fáist um að ársreikningurinn sé í meginatriðum annmarkalaus. Endurskoðunin felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2005, efnahag þess 31. desember 2005 og breytingu á handbæru fé á árinu 2005, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi.

Reykjavík, 15. mars 2006.

**Deloitte hf.**

Gísli Guðmundsson endurskoðandi

## Áritun skoðunarmanna

Ársreikning þennan höfum við yfirfarið og með tilvísun til áritunar hins löggilta endurskoðanda leggjum við til að hann verði samþykktur.

Anita Knútsdóttir
Steinn Gunnarsson

# Rekstrarreikningur fyrir árið 2005

| Rekstrartekjur: | Samstæða 2005 | Félagssjóður | Sjúkrasjóður |
|---|---|---|---|
| Félagsgjöld | 592.340.165 | 592.340.165 | |
| Sjúkrasjóðsiðgjöld | 595.295.324 | | 595.295.324 |
| Orlofssjóðsiðgjöld | 143.861.168 | | |
| Aðrar tekjur | 90.205.705 | 29.646.710 | 5.247.900 |
| **Rekstrartekjur alls** | **1.421.702.362** | **621.986.875** | **600.543.224** |

| Rekstrargjöld: | | | |
|---|---|---|---|
| Iðgjöld og skattar | 58.624.934 | 58.624.934 | |
| Bætur og styrkir | 428.643.255 | | 428.643.255 |
| Rekstur orlofshúsa | 51.959.537 | | |
| Orlofsávísanir | 36.146.920 | | |
| Útbreiðslu- og félagsmál | 138.766.576 | 131.754.339 | 3.773.229 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 317.462.609 | 207.019.065 | 65.745.923 |
| Rekstur húsnæðis | 30.719.205 | 16.840.927 | 9.243.669 |
| Afskriftir fastafjármuna | 54.234.056 | 36.581.906 | |
| **Rekstrargjöld alls** | **1.116.557.092** | **450.821.171** | **507.406.076** |
| Rekstrartekjur umfram -gjöld | 305.145.270 | 171.165.704 | 93.137.148 |

| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld: | | | |
|---|---|---|---|
| Fjármunatekjur | 490.120.855 | 222.422.933 | 236.090.819 |
| Fjármagnsgjöld | (448.395) | (322.332) | (109.770) |
| Arður af hlutabréfum | 16.654.223 | | 16.654.223 |
| Fjármagnstekjuskattur | (31.175.208) | (11.435.752) | (18.149.558) |
| **Fjármagnsliðir alls** | **475.151.475** | **210.664.849** | **234.485.714** |
| **Hreinar tekjur til ráðstöfunar** | **780.296.745** | **381.830.553** | **327.622.862** |

# Rekstrarreikningur fyrir árið 2005

| | Orlofssjóður | Samstæða 2004 |
|---|---|---|
| Frh. Félagsgjöld | | 519.569.193 |
| Frh. Sjúkrasjóðsiðgjöld | | 516.604.199 |
| Frh. Orlofssjóðsiðgjöld | 143.861.168 | 125.318.160 |
| Frh. Aðrar tekjur | 55.311.095 | 79.708.748 |
| Frh. **Rekstrartekjur alls** | **199.172.263** | **1.241.200.300** |
| | | |
| Frh. Iðgjöld og skattar | | 54.066.389 |
| Frh. Bætur og styrkir | | 421.831.760 |
| Frh. Rekstur orlofshúsa | 51.959.537 | 46.125.047 |
| Frh. Orlofsávísanir | 36.146.920 | 34.191.207 |
| Frh. Útbreiðslu- og félagsmál | 3.239.008 | 140.580.710 |
| Frh. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 44.697.621 | 307.370.604 |
| Frh. Rekstur húsnæðis | 4.634.609 | 19.603.570 |
| Afskriftir fastafjármuna | 17.652.150 | 61.586.587 |
| Frh. **Rekstrargjöld alls** | **158.329.845** | **1.085.355.874** |
| Frh. Rekstrartekjur umfram -gjöld | 40.842.418 | 155.844.426 |
| | | |
| Frh. Fjármunatekjur | 31.607.103 | 500.370.835 |
| Frh. Fjármagnsgjöld | (16.293) | (1.120.016) |
| Frh. Arður af hlutabréfum | | 15.555.254 |
| Frh. Fjármagnstekjuskattur | (1.589.898) | (10.589.973) |
| Frh. **Fjármagnsliðir alls** | **30.000.912** | **504.216.100** |
| Frh. **Hreinar tekjur til ráðstöfunar** | **70.843.330** | **660.060.526** |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2005

## Eignir

### Fastafjármunir

| | Samstæða 31.12.2005 | Félagssjóður | Sjúkrasjóður |
|---|---|---|---|
| **Varanlegir rekstrarfjármunir:** | | | |
| Orlofshús | 181.363.210 | | |
| Fasteignir | 216.852.951 | 216.852.951 | |
| Aðrir rekstrarfjármunir | 117.402.283 | 116.711.863 | |
| **Varanlegir rekstrarfjármunir alls** | **515.618.444** | **333.564.814** | |
| **Áhættufjármunir og langtímakröfur:** | | | |
| Verðbréf | 4.242.446.879 | 1.585.328.012 | 2.358.206.507 |
| **Áhættufjárm. og langt.kröfur alls** | **4.242.446.879** | **1.585.328.012** | **2.358.206.507** |
| **Fastafjármunir alls** | **4.758.065.323** | **1.918.892.826** | **2.358.206.507** |

### Veltufjármunir

| | | | |
|---|---|---|---|
| Óinnheimt iðgjöld | 82.875.960 | 36.816.692 | 37.021.896 |
| Aðrar skammtímakröfur | 8.648.916 | 8.184.816 | |
| Bankainnstæður | 67.093.604 | 28.552.124 | 37.327.265 |
| **Veltufjármunir alls** | **158.618.480** | **73.553.632** | **74.349.161** |
| **Eignir samtals** | **4.916.683.803** | **1.992.446.458** | **2.432.555.668** |

## Skuldir og eigið fé

### Eigið fé

| | Samstæða 31.12.2005 | Félagssjóður | Sjúkrasjóður |
|---|---|---|---|
| Vinnudeilusjóður | 1.042.316.394 | 1.042.316.394 | |
| Framkvæmdasjóður | | | |
| Starfs- og endurmenntunarsjóður | | | |
| Óráðstafað eigið fé | 3.747.677.512 | 845.545.651 | 2.410.450.184 |
| **Eigið fé alls** | **4.789.993.906** | **1.887.862.045** | **2.410.450.184** |

### Langtímaskuldir

| | | | |
|---|---|---|---|
| Veðskuldir | | | |
| Langtímaskuldir alls | | | |

### Skammtímaskuldir

| | | | |
|---|---|---|---|
| Viðskiptaskuldir | 126.689.897 | 104.584.413 | 22.105.484 |
| **Skammtímaskuldir alls** | **126.689.897** | **104.584.413** | **22.105.484** |
| **Skuldir alls** | **126.689.897** | **104.584.413** | **22.105.484** |
| **Skuldir og eigið fé samtals** | **4.916.683.803** | **1.992.446.458** | **2.432.555.668** |

# Efnahagsreikningur 31. desember 2005

## Eignir

| | Orlofssjóður | Samstæða 31.12.2004 |
|---|---|---|
| Frh. Orlofshús | 181.363.210 | 247.061.901 |
| Frh. Fasteignir | | 292.977.900 |
| Frh. Aðrir rekstrarfjármunir | 690.420 | 139.614.107 |
| **Frh. Varanlegir rekstrarfjármunir alls** | **182.053.630** | **679.653.908** |
| Frh. Verðbréf | 298.912.360 | 3.292.309.643 |
| **Frh. Áhættufjárm. og langt.kröfur alls** | **298.912.360** | **3.292.309.643** |
| **Frh. Fastafjármunir alls** | **480.965.990** | **3.971.963.551** |
| Frh. Óinnheimt iðgjöld | 9.037.372 | 65.418.115 |
| Frh. Aðrar skammtímakröfur | 464.100 | 12.823.505 |
| Frh. Bankainnstæður | 1.214.215 | 98.532.243 |
| **Frh. Veltufjármunir alls** | **10.715.687** | **176.773.863** |
| **Frh. Eignir samtals** | **491.681.677** | **4.148.737.414** |

## Skuldir og eigið fé

| | Orlofssjóður | Samstæða 31.12.2004 |
|---|---|---|
| Frh. Vinnudeilusjóður | | 1.042.316.394 |
| Frh. Framkvæmdasjóður | | 9.000.000 |
| Frh. Starfs- og endurmenntunarsjóður | | 37.049.814 |
| Frh. Óráðstafað eigið fé | 491.681.677 | 2.921.330.952 |
| **Frh. Eigið fé alls** | **491.681.677** | **4.009.697.160** |
| Frh. Veðskuldir | | 5.236.853 |
| Frh. Langtímaskuldir alls | | 5.236.853 |
| Frh. Viðskiptaskuldir | | 133.803.401 |
| **Frh. Skammtímaskuldir alls** | | **133.803.401** |
| **Frh. Skuldir alls** | | **139.040.254** |
| **Frh. Skuldir og eigið fé samtals** | **491.681.677** | **4.148.737.414** |

# Sjóðstreymi árið 2005

| Handbært fé frá rekstri | 2005 | 2004 |
|---|---|---|
| Hagnaður af reglulegri starfsemi | 780.296.745 | 660.060.526 |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | |
| Afskriftir fastafjármuna | 54.234.056 | 61.586.587 |
| Gengisbreyting áhættufjármuna og langt.krafna | (457.270.635) | (511.518.879) |
| Aðrir liðir | (20.764.830) | (9.917.701) |
| **Veltufé frá rekstri** | **356.495.336** | **200.210.533** |
| Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun | (13.283.256) | 11.526.745 |
| Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun) | (7.113.504) | 42.507.502 |
| **Handbært fé frá rekstri** | **336.098.576** | **254.244.780** |

| Fjárfestingarhreyfingar | | |
|---|---|---|
| Fjárfesting: | | |
| Seldir rekstrarfjármunir | 141.190.590 | 7.000.000 |
| Keyptir rekstrarfjármunir | (10.624.351) | (48.250.970) |
| Áhættufjármunir og langt.kröfur, breyting | (492.866.601) | (207.396.560) |
| | **(362.300.362)** | **(248.647.530)** |

| Fjármögnunarhreyfingar | | |
|---|---|---|
| Afborganir langtímaskulda | (5.236.853) | (10.285.267) |
| Sameining við Verzlunarm.fél Akraness | | 13.449.824 |
| | **(5.236.853)** | **3.164.557** |
| **Hækkun (lækkun) handbærs fjár** | **(31.438.639)** | **8.761.807** |
| Handbært fé í árlok | 67.093.604 | 98.532.243 |
| Handbært fé í ársbyrjun | 98.532.243 | 89.770.436 |
| **Hækkun (lækkun) handbærs fjár** | **(31.438.639)** | **8.761.807** |

## Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju á Íslandi. Við gerð ársreikningsins er í öllum meginatriðum fylgt sömu reikningsskilaaðferðum og á fyrra ári. Ársreikningurinn er gerður eftir kostnaðarverðsaðferð.
2. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af stofnverði.
3. Eignir og skuldir sem bundnar eru vísitölu eða gengi erlendra gjaldmiðla eru færðar upp miðað við verðlag og gengi í árslok.
4. Verðbréf sem skráð eru á skipulegum verðbréfamarkaði eru eignfærð á markaðsverði í árslok, en það telst vera verðið á síðasta skráningadegi ársins. Önnur bréf eru færð til eignar miðað við ávöxtunarkröfu þeirra á kaupdegi.
5. Félagsgjöld og iðgjöld eru tekjufærð við greiðslu, en auk þess eru áætlaðar óinnheimtar kröfur á launagreiðendur í árslok. Mat krafna byggist á reynslu liðinna ára og stuðst er við gögn sem fyrir liggja um skil eftir lok reikningstímabils.
6. Beinn kostnaður hvers sjóðs er færður beint á viðeigandi sjóð. Sameiginlegum kostnaði er hins vegar skipt á milli sjóða eftir ákveðnum hlutföllum.

   Ekkert framlag er til Vinnudeilusjóðs samkvæmt ákvörðun aðalfundar VR.
7. Varanlegir rekstrarfjármunir

   Varanlegir rekstrarfjármunir, endurmat og afskriftir greinast þannig:

| | **Aðrir rekstrarfjárm.** | **Fasteignir** | **Orlofshús** | **Samtals.** |
|---|---|---|---|---|
| Stofnverð 01.01 | 362.134.272 | 369.318.875 | 481.542.936 | 1.212.996.083 |
| Afskrifað áður | 222.520.165 | 76.340.975 | 234.481.035 | 533.342.175 |
| Bókfært verð 01.01 | 139.614.107 | 292.977.900 | 247.061.901 | 679.653.908 |
| Keypt á árinu | 10.624.353 | | | 10.624.353 |
| Selt á árinu | (2.113.127) | (69.820.567) | (48.492.071) | (120.425.765) |
| Afskrift ársins | (30.723.050) | (6.304.382) | (17.206.620) | (54.234.052) |
| Bókfært verð 31.12 | 117.402.283 | 216.852.951 | 181.363.210 | 515.618.444 |
| Afskriftaprósenta | 12 – 30% | 2% | 4% | |

Fasteignamat orlofshúsa í árslok er kr. 287.490.000 og fasteignamat annarra fasteigna félagsins er kr. 273.612.000.

Brunabótamat orlofshúsa í árslok er kr. 321.713.000 og annarra fasteigna félagsins kr. 497.050.000.

**8**. Verðbréf

Verðbréf greinast þannig:

Hlutabréfaeign er eignfærð á markaðsverði og sundurliðast þannig 31.12.2005:

| | Eignarhlutdeild | Nafnverð | Bókfært verð |
|---|---|---|---|
| Íslandsbanki hf. | 0,1 | 6.933.595 | 119.951.194 |
| KB banki hf.. | 0,0 | 48.325 | 36.050.450 |
| Straumur Burðarás fjárfest.banki hf. | 0,1 | 13.231.743 | 210.384.714 |
| Janus endurhæfing ehf. | 10,0 | 250.000 | 250.000 |
| Máttarstólpar ehf. | 32,8 | 26.165.401 | 26.165.401 |
| | | | 392.801.759 |

Verðbréfasjóðir og önnur verðbréf greinast þannig:

| | | |
|---|---|---|
| Innlendir skuldabréfasjóðir. | | 2.704.888.973 |
| Innlendir hlutabréfasjóðir | | 273.559.352 |
| Erlendir hlutabréfasjóðir | | 673.808.846 |
| Innlend skuldabréf | | 159.925.552 |
| Áhættufjárfestinga- og vogunarsjóðir | | 13.869.940 |
| Önnur verðbréf | | 23.592.457 |
| | | 3.849.645.120 |
| | Verðbréf samtals | 4.242.446.879 |

**9**. Yfirlit yfir bundið eigið fé

| | Framkvæmda-sjóður | Starfs- og endur-mennt. sjóður |
|---|---|---|
| Eigið fé 01.01 | 9.000.000 | 37.049.814 |
| Millifært á óráðstafað eigið fé | (9.000.000) | (37.049.814) |
| Eigið fé 31.12 | | |

Á aðalfundi VR var samþykkt að leggja niður Framkvæmdasjóð og Starfs- og endurmenntunarsjóð og færa á óráðstafað eigið fé.
Einnig var samþykkt á aðalfundinum að færa vinnudeilusjóð undir félagssjóð VR sem sérgreint eigið fé.

| | Vinnudeilusjóður |
|---|---|
| Eigið fé 01.01 | 1.042.316.394 |
| Eigið fé 31.12 | 1.042.316.394 |

**10**. Yfirlit yfir annað eigið fé

| | Óráðstafað eigið fé |
|---|---|
| Eigið fé 01.01 | 3.963.647.346 |
| Millifært frá Framkvæmdasjóði og Starfs- og endurmennt.sjóði VR | 46.049.814 |
| Vinnudeilusjóður millifærður á bundið eigið fé | (1.042.316.394) |
| Hreinar tekjur ársins til ráðstöfunar. | 780.296.745 |
| | 3.747.677.511 |

**11**. Laun og launatengd gjöld

| Laun og launatengd gjöld greinast þannig: | 2005 | 2004 |
|---|---|---|
| Laun | 208.442.471 | 190.794.523 |
| Launatengd gjöld | 36.229.599 | 33.861.613 |
| | | |
| Fjöldi starfsmanna í árslok | 42 | 43 |

Laun yfirstjórnar námu á árinu 2005 samtals 20,4 milljónum króna. Þar af námu laun formanns 10,8 milljónum króna að meðtöldum bifreiðahlunnindum. Formaður fékk einnig greitt í lífeyrisjóð 2% viðbótarframlag umfram almenna kjarasamninga.

Önnur mál

**12**. Skattstjórinn i Reykjavík hefur boðað að hann hyggist leggja álag á vangreidda staðgreiðslu af greiddum styrkjum Sjúkrasjóðs VR. Staðgreiðslan hefur þegar verið greidd af styrkþegum. Félagið hefur mótmælt þessari fyrirhuguðu álagningu. Niðurstaða þessa máls liggur ekki fyrir við gerð ársreiknings. Ekkert hefur verið fært til gjalda og skulda vegna þessa máls í ársreikningnum. Verði af álagningu og að málið tapist má ætla að fjárhæðin geti numið 15 til 25 milljónum króna.